

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 359. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 24. maí 2022 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 140. fundar hafnarstjórnar, dags. 3. maí 2022.
- 2) Fundargerð 1. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 17. maí 2022
- 3) Fundargerð 200. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 3. maí 2022.
- 4) Fundargerð 202. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 25. apríl 2022.
- 5) Fundargerð aðalfundar Jeratúns, dags. 19. maí 2022.
- 6) Fundargerð stjórnarfundar Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 4. maí 2022.
- 7) Bréf frá Ferðamálastofu, dags. 11. maí 2022, varðandi ákvörðun um styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.
- 8) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. maí 2022, ásamt bréfi Velferðarvaktarinnar til stjórnar SÍS, varðandi brotthvarf úr framhaldsskólum.
- 9) Bréf frá mennta- og barnamálaráðherra, dags. 6. maí 2022, varðandi stuðning við sveitarfélög vegna móttöku barna á flótta frá Úkraínu.
- 10) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, . 20. maí 2022  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

140. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn þriðjudaginn 03.05. 2022, kl. 20.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,  
Heiðar Magnússon,  
Sæunn Dögg Baldursdóttir,  
Hallgrímur Á. Ottósson,  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 12.04. 2022, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 139. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 443 dags. 01.04. 2022. Lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá Vegagerðinni dags. 20.04. 2022, varðandi útboðið – Ólafsvík, Norðurtangi þekja og lagnir 2022, en tilboð í verkið voru opnuð þann 29.03. 2022. Eftirfarandi tilboð bárust.

1. Almenna umhverfisþjónustan ehf. Grundarfirði	kr. 91.178.780.-	73.6%
2. Þ. G. Þorkelsson ehf. Grundarfirði	kr. 96.589.620.-	78.0%
Kostnaðaráætlun verkkaupa,	kr. 123.841.500.-	100.0%

Fram kemur í bréfinu að tilboðin hafi verið yfirfarin og leggur Vegagerðin til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda Almennu umhverfisþjónustuna ehf. Samþykkt samhljóða að ganga til samninga við lægstbjóðanda Almennu umhverfisþjónustuna ehf. á grundvelli tilboðs félagsins að upphæð kr. 91.178.780.- og hafnarstjóra falið að undirrita samninginn.

4. Viðbragðsáætlanir vegna bráðamengunar innan hafnarsvæða Hafna Snæfellsbæjar fyrir árið 2022. Hafnarstjóri kynnti viðbragðsáætlanir fyrir Ólafsvíkurböfn, Rifshöfn og Arnarstapahöfn en þær eru unnar í samræmi við reglugerð nr. 1010/2012, um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda. Áætlanirnar samþykktar samhljóða.
5. Bréf frá Fiskmarkaði Íslands h.f. dags. 26.04. 2022, varðandi aðalfund félagsins sem haldinn verður þann 19.05. 2022. Samþykkt samhljóða að hafnarstjóri mæti á fundinn fyrir hönd Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar.
6. Ársreikningur Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar fyrir árið 2021. Hafnarstjóri kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu liði hans. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.
7. Formaður lagði til að hafnarstjórn ásamt hafnarstjóra fari í skoðunarferð um hafnirnar í Snæfellsbæ einhvern næstu daga þegar veður leyfir. Samþykkt samhljóða.
8. Þar sem þetta er síðasti fundur hafnarstjórnar á núverandi kjörtímabili, þakkaði hafnarstjóri stjórnarmönnum fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.20

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður  
Sæunn Dögg Baldursdóttir  
Hallgrímur Á. Ottósson  
Heiðar Magnússon  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

**1. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 17. maí 2022 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Ragnar Már Ragnarsson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Björn Arnaldsson, Ævar Sveinsson, Baldvin Leifur Ívarsson og Hilmar Már Arason. Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir, bæjarritari.

- 1) Bæjarstjóri fór yfir ástæðuna fyrir þessum fundi, en honum þótti miður hvernig talað var um viðhald stofnana bæjarins í kosningabaráttunni fyrr í mánuðinum. Honum þykir því tilefni til að breyta upplýsingaflæði til bæjarstjórnar með mánaðarlegum fundum framkvæmdateymisins sem hér er mætt þar sem bókað er hvað búið er að gera í viðhaldsverkefnum og hvað er á dagskránni. Framkvæmdaraðilar gefa skýrslu sem bókuð er í undirritaðri fundargerð og eru þær fundargerðir lagðar fram fyrir bæjarstjórn. Við munum jafnframt fara yfir viðhaldsþörfina til lengri tíma svo möguleikinn sé á því að bóka iðnaðarmenn fram í tímann. Það er alltaf verið að sinna einhverju viðhaldi og það virðast ekki allir gera sér grein fyrir því hversu mikið er að gera hjá þeim aðilum sem sinna viðhaldsverkefnum hjá okkur. Bæjarstjóri tók fram að öll gagnrýni eigi rétt á sér og þegar hún kemur fram þá verðum við að bæta okkur. Það sé megin markmiðið með þessum fundum. Hópurinn hér inni sé teymi og það sé gott að geta talað saman og fengið ábendingar frá öðrum. Helsta vandamálið okkar undanfarið er hins vegar það hversu erfitt er að fá iðnaðarmenn til að vinna hjá okkur, enda er mikið að gera hjá þeim og erfitt að fá þá með stuttum fyrirvara.
- 2) Ragnar fór yfir það að það þyrfti að fara í ástandsskoðun og gera viðhaldaáætlun. Gluggar eru að koma í 4 stofnanir. Það þarf að fara í viðgerð á þakinu á Ráðhúsinu og grunnskólanum á Hellissandi. Við þurfum hins vegar að gera framtíðarplan, því miðað við verkefnastöðuna hjá iðnaðarmönnum okkar, þá þurfum við að geta bókað þá í verkefni með löngum fyrirvara. Viðhaldsáætlunin þyrfti að vera lifandi skjal sem allir geta fyllt inn í þar sem hægt er að fylgjast með hvað búið er að gera í verkefnum sem standa fyrir dyrum.
- 3) Hilmar kom inn á það að kannski þyrfti að fá fagmann til að ganga í gegnum stofnanirnar til að meta það sem þyrfti að gera.
- 4) Fundarmenn voru sammála um þörfina fyrir fundum sem þessum, og voru sammála um að þeir yrðu haldnir á þriðjudögum fyrir bæjarstjórnarfund. Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 31. maí. Á þeim fundi verður farið yfir og bókaðar framkvæmdir undanfarið.
- 5) Kristinn sagði að sig langaði til að biðja Ragnar og Ævar um að gera ástandsskoðun á slökkviliðshúsinu og gera áætlun til úrbóta. Þarf að skoða ástæður fyrir leka og þakkantinn. Þetta þyrfti að gera fyrir næsta fund. Jafnframt að Matthías fengi aðila til að gera við múrskemmdirnar á íþróttahúsinu. Ævar þarf að láta einhvern fara að mála gangbrautir. Svo þarf að fara að mála tjaldstæðishúsið. Ævar og Leifur upplýstu um það að það væri þegar byrjað. Björn upplýsti að verið væri að vinna í dekkjalengjunum.
- 6) Kristinn upplýsti að hver einasta stofnun hefur viðhaldsfé í fjárhagsáætlun á hverju ári, sem ætlað er í smærri viðhald. Forstöðumenn hverrar stofnunar nýta þann pening eftir þörfum.
- 7) Varðandi gólfdukana sem á að skipta um í ár, þá er Vagn búinn að fá dúkara sem mun panta dúka og fullvissar okkur um það að hann komist til okkar í sumar og allt verði tilbúið áður en skóli byrjar í haust. Vagn sagði að hann myndi fylgja því eftir.
- 8) Björn fór yfir það að það þurfi að hugsa allt með góðum fyrirvara, því það væri ekki einungis erfitt að fá iðnaðarmenn með stuttum fyrirvara, heldur væri líka erfitt að nálgast efnið sem þarf

*Chae*

*H. Þórarinn*

*Bla KJ*

*Vi*

*M*

í verkið. Hann sagði frá því að keyptir hefðu verið gluggar og hurðar í hafnarhúsið í Ólafsvík í fyrra, og nú standa vonir til þess að hægt sé að fá iðnaðarmenn í sumar. Björn á von á svari fyrir helgi. Jafnframt er búið að kaupa nýjan löndunarkrana, sem kominn er til landsins, og bíður nú eftir því að hægt sé að setja hann upp. Það er níu mánaða bið eftir afhendingu krana og því var hann pantaður í haust svo hann væri kominn þegar búið yrði að steypa þekjuna við Norðurtanga í Ólafsvík og hægt að setja hann niður. Búið er að ganga frá samningi við verktaka og planið er að byrjað verði á verkinu núna um mánaðarmótin. Mælingarmaður er að koma frá Vegagerðinni til að mæla fyrir sjónvörnum í Ólafsvík og á Hellnum. Gert er ráð fyrir útboði um eða eftir miðjan júní. Búið er að mæla fyrir sjónvörnum við Ólafsbrautina innan Klifs og jafnframt búið að hanna það nánast að fullu.

- 9) Leifur sagði frá því að framkvæmdum við íbúðina í Vallholt 19 fari að ljúka. Framkvæmdatími við íbúðir fer að verða búinn, nú verður að snúa sér að útiframkvæmdum.
- 10) Varðandi þökin, þá er búið að leita til verktaka í Snæfellsbæ og þeir hafa allir gefið verkin frá sér. Það er því spurning hvort ætti ekki að fara að leita annað. Járnið á tónlistarskólann og á Gufuskálum er búið að liggja í tvö ár og getur ekki beðið lengur. Þakið á skólanum er líka nauðsynlegt. Jafnframt er nauðsynlegt að skipta um glugga í austurhlið grunnskólans. Um leið og skólinn fer í sumarfrí verða gluggaskipti undirbúin og allt verður tilbúið um leið og veður leyfir og iðnaðarmenn komast í verkið. Hurðin í grunnskólann á Hellissandi er komin í framleiðslu, en það liggur ekki fyrir dagsetning á því hvenær hún verður tilbúin. Gert er ráð fyrir að þetta verði innan mánaðar, en þeir sem framleiða hurðina munu setja hana í. Vagn vildi að það kæmi fram að það þyrfti að fara að mála og gera við skólann á Hellissandi og þakkantinn.
- 11) Ragnar fór í vettvangsskoðun á líkhúsinu um daginn og það er kominn tími á að laga það. Það er ýmislegt sem hægt er að gera strax með litlum tilkostnaði, en annað þarfnast meiri framkvæmda. Umræður urðu um hvað hægt sé að gera og var Ragnari falið að kanna möguleika og verð.
- 12) Næsti fundur verður þriðjudaginn 31. maí kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:18

Vagn Ingólfsson  
Órvar Leirnis  
Hilmar Þórarinn  
~~Arnar~~  
Baldur A. Þórný  
Björn Árnaldsson

Matthias Páll Gunnarsson  
Ragnheiður

---

**Fundargerð 200. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga**

**Fundarstaður;** Fundarstaður: Teams – fjarfundarbúnaður *Opinber útgáfa!*  
**Dagsetning;** þriðjudaginn 3. maí 2022, kl. 16.30

**Mættir:** Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Birta Antonsdóttir, Guðrún Anna Oddsdóttir í forföllum Sigrúnar Þórðardóttur; Ragnheiður Dröfn Benidiktsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, félagsráðgjafi og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.


**Dagskrá:** **Meðferð máls**

1. Birta Antonsdóttir, formaður, setti fund og stýrði..
2. **Trúnaðarmál, skv. lögum um barnavernd** *kynning – umræða*  
Ingveldur gerði grein fyrir stöðu og inntaki barnaverndarmála frá síðasta fundi:  
(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)
3. **Málefni skv. lögum um sérfræðipjónustu við skóla** *kynning – umræða*
  - a) Sveinn Þór kynnti starfsauglýsingar FSS v. náms- og starfsráðgjafa og félagsráðgjafa
  - b) FSS og grunnskólarnir hafa sótt um styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að mæta kostnaði við „skólamálaþing FSS og snæfellskra skólastofnana“ sem haldið er annað hvert ár. Efni þingsins í ár sem fer fram í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík mánudaginn 19. september n.k. verður „Farsæld í þágu barna“, sbr. samnefnd lög. Inntak laganna gerir ráð fyrir innleiðingu og festingu þeirra til framkvæmdar á grundvelli samvirkni, leik-, og grunnskóla, heilsugæslu, framhaldsskóla, lögreglu auk annars vettvangs barna í samfélögunum. Víða hafir verð ráðnir tímabundið sérstakir verkefnastjórar til að annast innleiðingu og samhæfða framvæmd. Ásamt sveitarstjórnnum hefur fulltrúm þessara stofnana verið boðin þátttaka.
  - c) FSS hefur endurnýjað þjónustusamning við Ragnar Hjörvar Hermannsson, talmeinafræðing í leik- og grunnskólum Snæfellsness auk talþjálfunar á grundvelli samnings við Sjúkratryggingar Íslands
4. **Önnur mál** *kynning - umræða*
  - a) Næsti fundur félagsmálanefndar, nr.201, þá nýskipaðar nefndar í kjölfar sveitarstjórnarkosninga, - verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Grundarfjarðarbæjar, í septembermánuði n.k.

- b) Rætt um hlutverk félagsmálanefndar í kjölfar breytts skipulags barnaverndar og hvort tilefni verði til samræmingar hlutverks velferðarnefndar hvers sveitarfélags
- c) Rætt um þörf á endurskoðun tilhögunar stoðþjónustu sveitarfélaganna . Í því samhengi viðvarandi örðugleika við að manna þjónustuþætti þessa og hvort ekki sé komið tilefni til að endurmeta framkvæmdina, s.s. með því að aðskilja heimilisþrif og aðra þætti félagslegrar heimaþjónustu. Fram kemur að víða hafa stærri sveitarfélög þennan háttinn á og hafa m.a. boðið út þrifþjónustu til einkarekinna fyrirtækja. Fjármögnun gerir þá jafnan ráð fyrir hófstilltri gjaldskrá til eldri borgara og annarra íbúa er eiga rétt til þjónustunnar.
- d) Starfsefningarnámskeið þjónustráðs félagsþjónustusvæða Vesturlands í samvinnu við Símenntun Vesturlands, fyrir starfsmenn velferðarþjónustu fatlaðs fólks hefjast þann 24. júní n.k. Efnisþættir starfsefningarnámskeiða eru valdir í samráði við starfsfólk. Starfsefningardagar verða með reglubundnum áföngum næstu 2 ár. Fjármögnum byggja m.a. á framlagi þjónustráðs Vesturlands.
- e) Rætt var um innleiðingu breytts skipulags barnaverndar en gildistöku nýrra laga þ.a.l. hefur verið frestað fram á haustið.
- f) FSS sótti árið 2020 um auglýstan styrk Velferðarráðuneytis til að efna til menningar- og fræðsluferðar fatlaðs fólks, 18 ára og eldra. Veitt var styrkur kr. 1.000.000. Vegna Covid árferðis sl.ár og misseri hefur framkvæmd verið frestað en nú verður af henni þegar þessir íbúar Snæfellsness ásamt starfsfólki búsetukjarnans og hæfingarstöðvanna, Ásbyrgis og Smiðjunnar leggja land undir fót í menningar,- skemmti- og fræðsluferð föstudaginn 27. maí n.k.
- g) Í kjölfar opunar búsetukjarnans að Ólafsbraut hafa borist margar heillaóskir og gjafir til starfrækslu íbúakjarnans; aðallega peningagjafir sem lagðar eru inn á sérstaka söfnunarbók í Landsbankanum hér í Snæfellsbæ og hafa fjármunir verið nýttir til kaupa á húsbúnaði og tækjum. Þá stofnaði FSS sérstaka fjársöfnun til kaupa á bíl fyrir starfsefninga. FSS og félagsmálanefnd Snæfellinga færa hér öllum þessum fjölmörgu aðilum kærar þakkar fyrir auðsýnda velvild og vinarhug til starfrækslu þessa nýja þjónustuþáttar sveitarfélaganna við fólk með fötlun og ríkar þjónustuþarfir til sjálfstæðrar búsetu með aðstoð FSS.
- h) Forstöðumaður og Starfsfólk FSS þakkar fráfarandi félagsmálanefnd gott samstarf og samskipti á því kjörtímabili sem nú er að ljúka.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 19.30

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson



**202. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 25. apríl 2022, á Teams.**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Arnar Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason, Guðríður Þorvarðardóttir (vék af fundi kl. 11.00) og Magnús A. Sigurðsson (mætti á fundinn kl. 10.30).

**Forföll:** Engin

*Fundarritari:* Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 10.10

### **1. Fundargerð 201. fundar**

Fundargerð 201. fundar nefndarinnar þann 5. apríl 2022.

#### **Afgreiðsla:**

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

### **2. Teamssvæði nefndarinnar**

Á síðasta fundi var samþykkt að setja upp Teamssvæði fyrir nefndina.

#### **Afgreiðsla:**

Jakob bjó til Teamssvæði sem er tilbúið til notkunar. Jakob lagði til að nefndin bíði aðeins með að nota Teamssvæðið. Ástæðan er að Microsoft mun uppfæra Teams fljótlega sem opnar fyrir svokallað "shared channels". Þessi uppfærsla mun gera notkun Teamssvæðis mun auðveldari fyrir nefndarmenn þar sem þeir eru ekki með @nsv.is netfang.

Nefndarmenn munu geta notað Teamssvæðið á sínum eigin Teamsreikningi án þess að vera gestur á @nsv.is svæðinu.

### **3. Gróðurfarsskýrsla**

Á fundinum 5. apríl var rætt um gróðurfarsskýrslu sem Breiðafjarðarnefnd styrkti 2014. Ákveðið var að Jakob kynni rannsóknina á næsta fundi.

#### **Afgreiðsla:**

Jakob kynnti nefndarmönnum rafræna útgáfu af rannsóknarskýrslunni. Ákveðið var að setja pdf útgáfu á heimasíðu og senda svo tilkynningu á eftirfarandi aðila:





- Sveitarfélög við Breiðafjörð
- Náttúrustofur Vestfjarða og Vesturlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands

Rætt var um mögulegt framhald á gróðurfarsrannsóknum með áherslu á eyjar á norðanverðum Breiðafirði. Þessari umræðu var vísað áfram í lið 7 - verndaráætlun.

#### **4. Staða örnefnaverkefnis**

Rætt var um stöðu örnefnaverkefnis á síðasta fundi 5. apríl. Jakob kannaði stöðuna á milli funda.

##### **Afgreiðsla:**

Jakob sagði frá tölvupóstasamskiptum sem fyrrverandi starfsmaður Breiðafjarðarnefndar átti við Náttúrufræðistofnun Íslands í desember 2021. Samkvæmt því mun verkefnið klárast á næstu þremur árum.

Nefndin ákvað að athuga nánar með stöðu verkefnis og leggur áherslu á mikilvægi þess að klára verkefnið. Jakob mun setja sig í samband við Þorvald Þór Björnsson á NÍ til að kanna hvort hann geti komið á fund Breiðafjarðarnefndar til að ræða stöðu og framhald verkefnisins.

#### **5. Bæklingar - Pöntun**

Á síðasta fundi Breiðafjarðarnefndar var ákveðið að Jakob kannaði kostnað við endurprentun bæklinga. Auk þess var ákveðið að Jakob skoðaði hvort það sé skráð í gögnum nefndar hvert bæklingum hefur dreift við verndarsvæðið og víðar.


##### **Afgreiðsla:**

Jakob sagði frá samskiptum sínum við prentsmiðjuna. Hann fann ekki gögn um dreifingu bæklinga þannig að líklega hafa þær upplýsingar ekki verið skráðar. Jakob útbýr skjal með yfirliti um þá sem fá afhenta bæklinga, sem og um fjölda bæklinga af hverri gerð sem fara á hvern stað. Skjalið verður gert aðgengilegt fyrir meðlimi Breiðafjarðarnefndar.

Nefndin ákvað fjölda bæklinga sem þarf að endurprenta. Jakob verður í sambandi við prentsmiðjuna til að ganga frá pöntun.

#### **6. Vettvangsferð sumar 2022**

Umræða um vettvangsferð sem hófst á síðasta fundi var tekin aftur upp.



### **Afgreiðsla:**

Ákveðið var að fara í eins eða tveggja daga vettvangsferð dagana 22.-23. ágúst 2022. Heimsótt verða svæði í Reykhólahreppi og Dalabyggð.

Karl og Valdís gera tillögu að áætlun fyrir ferðina.

Arnar mun skoða möguleika á að leigja rútu frá Grundarfirði.

Jakob mun fá tilboð í gistingu á svæðinu.

Eins og undanfarin á verður ráðherra boðið í vettvangsferðina.

## **7. Verndaráætlun**

Breiðafjarðarnefnd rýndi í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð á síðasta fundi og ákvað að nefndarmenn skoðuðu hana betur milli funda. Haldið var áfram með umræðu um verkefni sem nefndin gæti mögulega styrkt á þessu eða næsta almanaksári.

### **Afgreiðsla:**

Nefndarmenn ræddu nokkrar hugmyndir um möguleg rannsóknarverkefni. Þar á meðal var rætt um rannsóknir um útbreiðslu framandi og ágengra tegunda eða að ráðast í framhald á rannsóknnum á gróðurfari, sbr. lið 3 í fundargerð. Sigurður setur sig í samband við Náttúrustofu Vesturlands til að ræða og útfæra þessa möguleika.

Jakob kannar stöðu á ritun bókarinnar „Saga Breiðfirðinga II“ eftir Sverri Jakobsson. Breiðafjarðarnefnd styrkti fyrsta bindi.

Jakob mun skoða möguleika á að búa til húsaskrá fyrir Breiðafjörð.


## **8. Fjármál**

Yfirlit yfir fjármál nefndarinnar lagt fram og það rætt.

### **Afgreiðsla:**

Fjármál voru tekin fyrir með tilliti til styrkjámöguleika á þessu ári. Fjárhagsáætlunin var uppfærð meðal annars til að kanna svigrúm fyrir mögulegar styrkveitingar.

## **9. Önnur mál**



Jakob spurði nefndarmenn út í gerð starfsskýrslunnar fyrir almanaksárið 2021. Hann mun vinna að henni og senda nefndarmönnum til yfirlstrar. Stefnt er á afhendingar hennar í júní.

Næsti fundur verður 17. maí, á Teams, kl. 10.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

# Fundargerð aðalfundar Jeratúns ehf.

Aðalfundur Jeratúns ehf., kt. 501203-2030, haldinn fimmtudaginn 19. maí 2022, kl. 10:15.

## Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur 2019 lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðanda.
5. Tekin ákvörðun um hagnað eða tap félagsins.
6. Tekin ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á árinu.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Formaður stjórnar, Jakob Björgvin Jakobsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Jakob Björgvin Jakobsson var kjörinn fundarstjóri og Björg Ágústsdóttir fundarritari.

## Boðun fundarins og mæting

Fundarstjóri gerði grein fyrir 11. og 12. gr. í samþykktum félagsins um fundarboðun og lögmæti hluthafafunda. Til fundarins var boðað í samræmi við 11. gr. samþykkt félagsins, sbr. og 63. gr. laga nr. 134/1994, um einkahlutafélög. Á fundinn voru mættir umboðsmenn allra hluthafa félagsins sem fara samtals 99% af hlutafé félagsins og atkvæðisrétt til samræmis við það. Að þessu gættu lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

Eftirfarandi stjórnarmenn voru mættir á fundinn; Jakob Björgvin Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson og Björg Ágústsdóttir.

Gengið er til dagskrár.

### 1. Rekstur og hagur félagsins á liðnu starfsári

Jakob Björgvin Jakobsson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu ári.

Það er sérstaklega ánægjulegt að ekki þurfi að auka hlutafé félagsins á árinu. Er það þriðja árið í röð frá stofnun félagsins sem þess er ekki þörf.

### 2. Ársreikningur 2021 lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda

Ársreikningur félagsins vegna ársins 2021 lagður fram til staðfestingar.

Fundarstjóri lagði ársreikning 2021 undir atkvæði hluthafa.

Ársreikningur 2021 samþykktur samhljóða.

### 3. Kosning stjórnar

Tillaga lögð fram um að stjórn félagsins skipi eftirfarandi aðilar:

- Jakob Björgvin Jakobsson, formaður
- Kristinn Jónasson
- Björg Ágústsdóttir

Varastjórn:

- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir
- Björn Hilmarsson
- Jósef Ó. Kjartansson

Samþykkt samhljóða.

**4. Kosning endurskoðanda**

Lagt til að Deloitte ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfyrirtæki félagsins.

Samþykkt samhljóða.

**5. Ráðstöfun rekstrarhagnaðar eða taps félagsins**

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Samþykkt samhljóða.

**6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á árinu**

Lagt er til að áfram verði engin þóknun greidd til stjórnarmanna vegna starfa sinna. Endurskoðendur fá greitt skv. reikningi.

Samþykkt samhljóða.

**7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin**

Umræður um frágang á lóð Fjölbautaskóla Snæfellinga. Vísað í eldri samþykktir stjórnar um að ljúka frágangi lóðarinnar í viðráðanlegum áföngum. Einnig rætt um annað viðhald hússins, s.s. þakkant.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:35.

---

Jakob Björgvín Jakobsson  
fundarstjóri

---

Björg Ágústsdóttir  
fundarritari



## FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn  
4. maí 2022 kl. 16:15 haldinn í gegnum fjarfundabúnað

Mættir voru: Kristinn Jónasson, Karitas Jónsdóttir, Finnbogi Leifsson, Brynja Þorsteinsdóttir, Unnur Þóra Sigurðardóttir og Eyjólfur Ingvi Bjarnason. Sævar Jónsson boðaði forföll.

### 1. Fundur settur

Aldursforseti stjórnar, Finnbogi Leifsson, setti fund.

### 2. Kosning formanns og varaformanns

Finnbogi gerði tillögu um Kristinn Jónsson sem formann. Samþykkt. Formaður gerði tillögu um Karitas Jónsdóttur sem varaformann. Samþykkt. Formaður tók við fundarstjórn og bauð Brynju Þorsteinsdóttur velkomna til stjórnarstarfa.

### 3. Fundargerð síðasta stjórnarfundar 9.3.2021. Samþykkt

Fundargerð aðalfundar dags. 16.03.22 lögð fram

### 4. Verkefni í Fíflholtum

Framkvæmdastjóri greindi frá:

Kyndill, bilun sem tengist rafmagni. Unnið er að viðgerð.

Framkvæmdir framundan á sigvatnskerfi.

Starfsmannamál sumarsins.

### 5. Staðan framundan.

a. Veitur og Brim hafa leitað til Sorpurðunar vegna úrgagnslausna.

Framkvæmdastjóri greindi frá.

### 6. Samráðsvettvangur SV-hornsins

Fundargerð frá 17. mars sl. Lögð fram. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er komin á útgáfustig.

### 7. Fundargerðir

Verkefnisstjórn Sambandsins í úrgangsmálum. Lögð fram fundargerð frá 10.03.2022

### 8. Önnur mál

a. *Fjármagn úr sóknaráætlun til verkefna er tengjast úrgangsmálum.*

Formaður og framkvæmdastjóri segja frá.

b. *Minnisblað frá ReSource. Kolefniseiningar.*

Lagt fram og rætt

Finnbogi spurðist fyrir um tiltekt í Fíflholtum. Framkvæmdastjóra falið að vinna minnisblað um tiltekt á svæðnu í samráði við staðarhaldara í Fíflholtum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:55

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir



Ferðamálastofa  
Icelandic Tourist Board

Snæfellsbær  
Klettsbúð 4  
360 Hellissandi

Reykjavík, 11. maí 2022  
Tilvísun: U21120564 / 05.02 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

**Efni: Ákvörðun um styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.**

Ferðamála-, viðskipta- og menningarmálaráðherra hefur staðfest tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um styrkveitingar úr sjóðnum vorið 2022.


Hér með tilkynnist að umsókn yðar hefur verið samþykkt. Um er að ræða styrk að fjárhæð **kr. 3.680.000,-** vegna „*Bjarnarfoss*“.


Styrkurinn er veittur til að bæta vegvísun, upplýsingagjöf og öryggi á áningarstaðnum við Bjarnarfoss. Við Bjarnarfoss verði komið upp „kaldri upplýsingamiðstöð“ með fjölda sögu- og upplýsingaskilta.

Samningur um styrkveitinguna mun berast innan skamms.


Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
F.h. Ferðamálastofu

  
Guðrún Dóra Brynjólfsson, sérfræðingur

  
Hælena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslu og umhverfissviðs





## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 4. maí 2022

2203026SA KB  
Málalykill: 04.40

### Efni: Brotthvarf úr framhaldsskólum

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 27. apríl 2022 var lagt fram meðfylgjandi bréf Velferðarvaktarinnar, dags. 7. apríl 2022, þar sem fram kemur að Velferðarvaktin hafi fjallað um rannsóknarskýrsluna Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum og tekið undir tillögur sem fram koma í skýrslunni. Óskað er eftir því að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fari yfir tillögurnar og kynni þær sveitarfélögum.


Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Samþykkt að senda tillögurnar til sveitarfélaga.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



Til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
Borgartúni 30  
128 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2022

Velferðarvaktin hefur fjallað um rannsóknarskýrsluna *Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum*, sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið komu að og Velferðarvaktin gaf út í janúar sl. Skýrsluna unnu Kolbeinn H. Stefánsson, félagsfræðingur og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, sérfræðingur.

Velferðarvaktin tekur undir eftirfarandi tillögur sem fram koma í skýrslunni og beinir því til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, að unnið verði að framgangi þeirra undir forystu mennta- og barnamálaráðherra, samhliða þeirri vinnu sem nú fer fram varðandi skóla- og félagsmál á vegum stjórnvalda. Tillögurnar eru:

**Fyrir grunnskólastigið:**

- *Aukið samstarf á milli skóla og félagsþjónustu fyrir börn til að greina þá þætti sem hamla námsgetu og við mótun og framkvæmd úrræða til að bregðast við þeim.*
- *Koma á upplýsinga- og eftirfylgniskerfi sem fylgist með afdrifum nemenda eftir grunnskóla og tryggir samféllu í stuðningsúræðum á milli grunn- og framhaldsskóla.*
- *Efla vitund og ábyrgð grunnskóla á brotthvarfi nemenda 1-3 árum eftir lok grunnskóla með upplýsingamiðlum um brotthvarf nemenda til sveitarfélaga og grunnskóla innan þeirra.*
- *Gera athugun á því hvort fýsilegt sé að hanna forspárlikan fyrir brotthvarf byggt á námsárangri í 7.-8. bekk svo grunnskólar geti hafð snemmtæka íhlutun til að vinna gegn brotthvarfi.*

**Fyrir framhaldsskólastigið:**

*Koma á skimunartólum á grundvelli skráargagna skólanna og tölfræðilikana/vélnámslíkana (e. machine learning) til að framhaldsskólar geti unnið gegn líklegu brotthvarfi nemenda og veitt þeim viðeigandi aðstoð.*

- *Aukið samstarf á milli skóla og félagsþjónustu til að greina þá beinu þætti sem tengjast félagslegri og efnahagslegri stöðu sem auka líkur á brotthvarfi og við mótun og framkvæmd úrræða til að bregðast við þeim.*

Erindi þessa efnis hefur verið sent á mennta- og barnamálaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra.

Velferðarvaktin óskar eftir því að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fari yfir tillögurnar og kynni þær sveitarfélögum.

Fyrir hönd Velferðarvaktarinnar,

Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar.



Til sveitarfélaga

Reykjavík 6. maí 2022

Tilv.: MRN22030120/6.16

Efni: Stuðningur við sveitarfélög vegna móttöku barna á flóttu frá Úkraínu

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur ákveðið að veita tímabundinn fjárhagslegan stuðning til sveitarfélaga þar sem börn á flóttu frá Úkraínu og fjölskyldur þeirra verða með búsetu til að styðja við móttöku, undirbúning á skólastarfi og virka þátttöku barnanna. Stuðningnum er ætlað að styðja við náms- og félagsleg úrræði sveitarfélaga fram að skólabyrjun haustið 2022. Við ráðstöfun fjármagnsins verður leitast við að styðja við fjölbreytt úrræði sem mæta þörfum ólíkra aldurshópa barna og ungmenna 18 ára og yngri. Huga skal sérstaklega að ungmennum á aldrinum 16-18 ára og yngstu börnunum. Úrræðin geta meðal annars falist í:

- fristundastarfi,
- íþrótt- og æskulýðsstarfi,
- sumarskóla,
- vinnuskóla,
- námskeiðum í íslensku og íslenskri menningu,
- lífsleikninámskeiðum og -verkefnum,
- samfélagsfræðslu,
- virkni yngstu barnanna.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög geti sótt um fjárhagslegan stuðning sem getur orðið allt að 200.000 kr. á hvert barn á aldrinum 0-18 ára. Fyrri helmingur stuðningsins greiðist í júní (vegna maí og júní) og síðari helmingur í ágúst (vegna júlí og ágúst). Fjármagnið millifærir frá ráðuneyti inn á reikning sveitarfélaga skv. upplýsingum á umsóknareyðublaði.

Áður en seinni hluti stuðningsins er greiddur út þurfa sveitarfélög að senda ráðuneytinu rafræna greinargerð um ráðstöfun á fyrri hluta stuðningsins. Þau þurfa einnig að skila uppfærðum upplýsingum um fjölda og aldursskiptingu barna sem njóta úrræða sveitarfélaga og í hverju úrræðin felast. Nánari upplýsingar um umsóknarferlið, sem verður rafrænt, verða sendar út í lok maí.

Mennta- og barnamálaráðuneytið mun einnig veita sveitarfélögum stuðning með ráðgjöf og námskeiðum um móttöku barna á flóttu. Ráðgjöf og námskeið verða skipulögð í samstarfi ráðuneytisins og Menntamálastofnunar við sérfræðinga háskóla og sveitarfélaga í móttöku barna á flóttu. Nánari upplýsingar um stuðninginn verða sendar sveitarfélögum á næstu vikum.

*Ásmundur Daðason*

Ásmundur Einar Daðason  
mennta- og barnamálaráðherra